

ÁRSSKÝRSLA 2014

EFNI

| | | |
|-----|---|----|
| 1 | Inngangur | 1 |
| 2 | Starfsmannahald | 1 |
| 3 | Stjórn Fræðslunetsins | 2 |
| 4 | Bókhald | 2 |
| 5 | Afkoma | 3 |
| 6 | Húsnæði..... | 3 |
| 7 | Búnaður | 4 |
| 8 | Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins | 4 |
| 8.1 | Viðaukasamningar við FA..... | 5 |
| 9 | Símenntun fyrir fatlað fólk | 5 |
| 10 | Fræðslustarfið í máli og myndum | 6 |
| 11 | Náms- og starfsráðgjöf | 10 |
| 11 | Raunfærnimat..... | 10 |
| 12 | Raunfærnimat IPA..... | 11 |
| 13 | Þróunarsjóður framhaldsfræðslu..... | 12 |
| 14 | Þróunarverkefni styrkt af MRN..... | 12 |
| 15 | Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum..... | 12 |
| 16 | Samstarf við stofnanir og fyrirtæki | 13 |
| 17 | Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands | 14 |
| 18 | Námsvísir og annað kynningarefni | 15 |
| 19 | EQM-gæðaviðmið | 15 |
| 20 | Nemendabókhaldið MySchool..... | 16 |

| | | |
|----|-------------------------------------|----|
| 21 | Kvasir og Leikn..... | 16 |
| 22 | Sóknaráætlun Suðurlands 20/20 | 16 |
| 23 | Námskeið og ráðstefnur | 17 |
| 24 | Niðurlag..... | 19 |

1 INNGANGUR

Með árinu 2014 lauk fimmtánda starfsári Fræðslunetsins. Í þessari ársskýrslu, sem skipt er í tuttugu og fjóra kafla, er reynt að gera sem gleggsta grein fyrir starfseminni á árinu. Fjallað er um starfsmannahald og afkomu, húsnæði og búnað, samstarfsaðila Fræðslunetsins, námskeiðahald, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Þá eru þróunarverkefnum gerð skil, fjallað um Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands, námskeið og ráðstefnur sem starfsfólkið hefur sótt auk nokkurra annarra fastra liða í starfseminni.

Sú mikla breyting varð á árinu að Austur-Skaftafellssýsla bættist við starfssvæði Fræðslunetsins.

2 STARFSMANNAHALD

Eftirfarandi breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá Fræðslunetinu á árinu:

Starfshlutfall Eydísar Kötlu Guðmundsdóttur, náms- og starfsráðgjafa, var aukið frá 1. janúar úr 80% í 100%.

Rakel Þorsteinsdóttir verkefnastjóri yfir símenntun fatlaðs fólks kom aftur í fullt starf 1. júlí eftir fæðingarorlof. Ráðningartímabili Málfríðar Ernu Samúelsdóttur lauk 30. júní.

Kristina Tyscenko starfsmaður í móttöku og við ræstingar hætti störfum á haustönn. Kristina var sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands.

Magnhildur Björk Gísladóttir var ráðin í fullt starf sem verkefnastjóri á Höfn frá 1. apríl til 15. júní.

Margrét Gauja Magnúsdóttir var ráðin í 50% starfshlutfall sem verkefnastjóri á Höfn frá 11. ágúst.

Nína Síbyl Birgisdóttir er sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélagsins með ráðningu í 50% starfshlutfalli sem verkefnastjóri hjá Fræðslunetinu frá 1. janúar.

Oddný Sigríður Gísladóttir var ráðin í 62% starf í móttöku frá 21. ágúst. Oddný er sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands.

Aðrar breytingar urðu ekki á starfsmannahaldi.

STARFSMENN:

- Framkvæmdastjóri: Ásm. Sverrir Pálsson
- Verkefnastjóri: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir
- Verkefnastjóri: Sandra D. Gunnarsdóttir
- Verkefnastjóri: Raket Þorsteinsdóttir
- Verkefnastjóri: Málfríður Erna Samúelsdóttir
- Verkefnastjóri: Árni Rúnar Þorvaldsson
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Sólveig R. Kristinsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Eydís Katla Guðmundsdóttir
- Verkefnastjóri: Magnhildur Björk Gísladóttir
- Verkefnastjóri: Margrét Gauja Magnúsdóttir
- Verkefnastjóri: Nína Síbyl Birgisdóttir
- Ritari/starfsmaður í móttöku: Árdís Dóra Óskarsdóttir
- Móttaka og húshald: Oddný Sigríður Gísladóttir
- Starfsmaður í móttöku/þrif: Kristina Tyscenko
- Þrif: Sigríður Erna Kristinsdóttir

3 STJÓRN FRÆÐSLUNETSINS

EFTIRTALDIR SKIPA STJÓRN:

- Gylfi Þorkelsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Gunnar B. Þorsteinsson, varaformaður (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Ingvar Pétur Guðbjörnsson (kosinn af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga). Elín Einarsdóttir var kjörin nýr fulltrúi SASS á aðalfundi samtakanna í október.
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Starfsfólki eru færðar þakkir fyrir dugnað og samvirkusemi í störfum sínum og stjórn fyrir uppbyggilegt samstarf.

4 BÓKHALD

Eins og áður var bókhaldsþjónusta keypt af skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Bókhaldið færir Ragnheiður Óskarsdóttir starfsmaður SASS. Bjarni Jónsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðaði reikninga Fræðslunetsins sem fylgja hér með.

5 AFKOMA

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings ársins 2014 eru:

| | |
|---------|-------------|
| Tekjur: | 164.071.783 |
| Gjöld: | 160.880.819 |

Tekjur umfram gjöld eru kr. 3.190.964. Að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda nemur rekstrarhagnaður kr. 4.453.787.

Eignir Fræðslunetsins hækka um kr. 1.756.109 á milli ára og eru nú kr. 72.566.062.

Tekjur ársins hafa ekki verið meiri í sögu Fræðslunetsins og hækka á milli ára um kr. 42.900.591. Kostnaður jókst a. á m. um kr. 26.659.680.

Hækkun á afskriftum milli ára, úr kr. 5.780.213 í 6.223.208 skýrist af kaupum á tækjum og búnaði í Nýheimum á Höfn, sem keypt voru af Austurbrú, og tækjakaupum til starfseminnar í Fjölheimum á Selfossi.

6 HÚSNÆÐI

Í Fjölheimum á Selfossi eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, jafnt til bóklegrar sem verklegrar kennslu, s.s. handverksstofa og kennslueldhús; kaffistofa starfsfólks, vinnuaðstaða fyrir kennara Fræðslunetsins og tækjageymsla, lesstofa fyrir námsmenn, kaffistofa og hópvinnuaðstaða fyrir námsmenn auk funda- og viðtalsherbergja. Í Fjölheimum er fyrsta flokks vinnuaðstaða fyrir nemendur, kennara og starfsfólk. Fræðslunetið leigir húsnæðið af Sveitarfélaginu Árborg.

Auk aðstöðunnar í Fjölheimum leigði Fræðslunetið verknámsstofur hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands til sérhæfðari námskeiða og einnig verklegra þátta sums raunfærnimats.

Fræðslunetið hefur starfsstöð í Hvolsskóla á Hvolsvelli, skrifstofu og rúmgóða kennslustofu með nauðsynlegum kennslubúnaði auk fjarkennslubúnaðar. Fræðslunetið leigir húsnæðið af Rangárþingi eystra. Starfsmaður þar er Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, verkefnastjóri.

Starfsstöðvar Fræðslunetsins í Vestur-Skaftafellssýslu eru í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Þar er skrifstofuaðstaða starfsmanns og námsver velbúin kennslutækjum. Fjarfundabúnaður er á báðum stöðum. Starfsmaður þar var Árni Rúnar Þorvaldsson.

Starfsstöð Fræðslunetsins í Sveitarfélaginu Hornafirði er í Nýheimum á Höfn. Þar eru skrifstofur starfsmanna, önnur vinnuástaða, námsver með fjarfundabúnaði og vel útbúnað kennslustofur sem Fræðslunetið leigir af Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Á árinu fór kennsla einnig fram í Vöruhúsinu á Höfn og í sal Afls stéttarfélags. Starfsmenn á Höfn eru Margrét Gauja Magnúsdóttir og Nína Síbyl Birgisdóttir.

Annars staðar á Suðurlandi fékk Fræðslunetið einkum inni í grunnskólum fyrir námskeið sín, s.s. á Flúðum, í Hveragerði, í Þorlákshöfn og í Reykholti.

Fræðslunetið færir skólastjórum grunnskólanna, yfirmönnum Fjölbrautaskólans, og sveitarfélögum þakkir fyrir árangursríkt samstarf.

7 BÚNAÐUR

Aðbúnaður í Fjölheimum á Selfossi er hugsaður frá upphafi fyrir fullorðið fólk. Stólar og borð voru keypt inn með þarfir þess í huga. Í öllum kennslustofum eru kennslutæki sem hafa nútímakennsluháttum, s.s. tjöld og skjávarpar, tússtöflur og greiðar nettengingar; í 5 rýmum af 11 eru að auki fjarfundabúnaðir. Hið sama er að segja um kennslustofuna á Hvolsvelli, námsver/kennslustofu í Vík og námsver/kennslustofu á Klaustri.

Fræðslunetið og Háskólafélag Suðurlands keyptu búnað í Nýheimum af Austurbrú sem tilheyrði framhaldsfræðslu og háskólaþjónustu. Um er að ræða skrifstofuhúsgögn, húsgögn í námsverum, fjarfundabúnað og skjái, tölvur, prentara, skanna og annan tölvutengdan búnað auk myndavélar.

Keypt voru áhöld í smíða- og fjölnotastofu Fræðslunetsins í Fjölheimum.

Keypt var ný, fullkomin ljósritunarvél sem jafnframt er prentari og skanni.

Fjórar nýjar tölvur með stórum snertiskjám fyrir fatlað fólk voru teknar í notkun á vorönn.

Keyptar voru 3 nýjar tölvur handa starfsfólki og vinnsluminni stækkað í 5 tölvum.

Tölvukostur og annar tölvutengdur búnaður í eigu Fræðslunetsins er fullnægjandi á öllum starfsstöðvunum á Suðurlandi nema á Höfn; þar hafa tölvur verið teknar á leigu þegar á hefur þurft að halda.

8 SAMSTARF VIÐ FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var undirritaður 7. febrúar 2012 og gildir til ársloka 2015. Slíkir samningar hafa verið gerðir árlega allt frá árinu 2006.

Í þjónustusamningnum segir: „Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.”

Í þjónustusamningnum er kveðið á um framlag úr Fræðslusjóði til vottaðs náms sem meta má til eininga á framhaldsskólastigi, til náms- og starfsráðgjafar og til raunfærnimats. Um framlag til þessara verkefna skyldi gera sérstaka viðaukasamninga. Þá er grein um styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

8.1 VIÐAUKASAMNINGAR VIÐ FA

10. janúar undirritaði Fræðslunetið viðaukasamning við FA um greiðslur til vottaðs náms, viðaukasamning um greiðslur til náms- og starfsráðgjafar og um greiðslur til raunfærnimats á móti námskrá í skrifstofugreinum við Menntaskólann í Kópavogi.

9 SÍMENNTUN FYRIR FATLAÐ FÓLK

Á árinu var lögð áhersla á fjölbreytilegt nám fyrir fatlað fólk á Suðurlandi. Kynningar á náminu fóru fram á vinnustöðum fatlaðs fólks víða á Suðurlandi og þar sem tólmstundastarf þess fer fram. Sérstök áhersla var lögð á samvinnu við markhópinn, s.s. með myndun hóps til ráðgjafar um starfsemina.

Þróað hefur verið nýtt nám sem hefur aukið námsframboðið til muna sem hefur m.a. verið gerlegt vegna styrkfjár sem Fræðslunetið hefur aflað (sbr. bls. 12). Auk þess hafa nokkrir námsmenn sótt almennar námsleiðir í anda samskipunar, s.s. Nám og þjálfun í almennum, bóklegum greinum og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun.

Tekin var upp sú regla á árinu að leiðbeinendur skrifi undir upplýst samþykki fyrir því að Fræðslunetið leiti eftir upplýsingum um þá í sakaskrá.

Á vorönn voru kennd 25 námskeið með alls 84 þátttakendum. Á haustönn voru kennd 19 námskeið með alls 69 þátttakendum. Heildarfjöldi þátttakenda var því 153 eða 34 færri en árið 2013. Hlutfallslega fleiri þátttakendur nú en áður hafa flóknar fatlanir.


Þjónustusamningur við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir árið 2014 var undirritaður 17. janúar. Samkvæmt samningnum var um 25% samdrátt að ræða á framlagi Fjölmenntar eins og á haustönn 2013. Þessi samdráttur sagði verulega til sín á árinu í minni þjónustu en áður, sbr. það sem segir hér á undan um fjölda námskeiða og fjölda þátttakenda.

Ráðgjafar Fjölmenntar veittu verkefnastjórum og leiðbeinendum kennsluráðgjöf.

10 FRÆÐSLUSTARFIÐ Í MÁLI OG MYNDUM

Hér á eftir fara gröf um nokkra þætti í starfseminni.

Fyrsta myndin sýnir fjölda námskeiða á þriggja ára tímabili. Hér er um allar námsbrautir að ræða og öll námskeið, löng sem stutt. Óvenju mikil fjölgun er á milli 2012 og 2013.



Á næstu mynd eru námskeið flokkuð eftir eðli þeirra. Rétt er að benda á að skilin milli þess sem flokkað er sem atvinnutengd námskeið annars vegar og tómsundanámskeið hins vegar eru á stundum óljós.


Hugtakið námsbrautir er notað um námskrárbundnar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Frá upphafi hefur Fræðslunetið reynt að leggja áherslu á fjölbreytt úrval af tómsundanámskeiðum enda eftirspurn eftir þeim verið tiltölulega mikil.

Þá sýnir myndin fækkun námskeiða fyrir fatlað fólk (Fjölmennt) á milli áranna 2013 og 2014. Þar gæti 25% samdráttar á framlagi Fjölmenntar sem kom af fullum þunga á árið 2014 með minna framboði á námskeiðum en árið á undan.

Fræðslunetið sótti tvisvar sinnum á árinu um styrk til Rannís til íslensku fyrir útlendinga, fyrir vor- og haustönn. Samþykkt styrkloforð hljóðuðu upp á styrk fyrir allt að 280 námsmönnum. Íslenskunámskeið voru fleiri nú en áður.


Styrkir til íslensku fyrir útlendinga miðast við fjölda þeirra sem ljúka námskeiðum á fullnægjandi hátt og mæti eigi sjaldnar en sem nemur 75% af kennslustundum.




Fræðslunetið hélt nánast alveg áætlun um kennslu námsbrauta á árinu og nýtti þannig að heita má framlag FA til námsbrautanna.

Á árinu var íslenska kennd á Selfossi, Flúðum, Reykholti, á Hótel Rangá, Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og á Höfn.

Eins og fram kemur á fyrstu myndinni hér á undan eru færri námskeið 2014 en 2013. Næsta mynd sýnir a. á m. að fleiri námsmenn hafa stundað nám árið 2014. Raunar kemur fram á myndinni að nokkuð jöfn stígandi er í fjölgun námsmanna þetta þriggja ára tímabil.





Fjöldi nemendastunda er fenginn með fjölda námsmanna x fjölda námskeiðsstunda. Þannig fæst hvað nemendur sóttu alls margar kennslustundir hjá Fræðslunetinu. Þrátt fyrir fækkun námskeiða, sbr. hér á undan, fjölga nemendastundum talsvert milli ára sem þýðir að hver nemandi hefur setið fleiri námskeiðsstundir en árið áður.



Ókeypis námskeið/fræðsla

Fræðslunetið hefur undanfarin ár boðið upp á námskeið eða fræðsluerindi fólki að kostnaðarlausu. Miðað hefur verið við að þau gagnist markhópnum og/eða hafi samfélagslega þýðingu. Eftirtalin námskeið/fræðsluerindi voru haldin á árinu og jafnframt boðið upp á þau í fjarfundi: *fræðsluerindi um ADHD, fræðsluerindi um lesblindu, námskeið um námstækni, námskeið um miðaldalist, námskeið um próftækni og erindi um að sjá hlutina í nýju ljósi*. Þátttakendur voru 177 talsins.

Á starfsárinu voru námskeið haldin á Höfn, Kirkjubæjarklaustri, í Vík, á Hvolsvelli, á Hótel Rangá, í Reykholti, á Flúðum, Sólheimum, á Borg í Grímsnesi, Selfossi og í reiðhöll Eldhesta í Ölfusi.



Á grafinu eru kunnugleg hlutföll kynja í framhaldsfræðslu. Sambærileg hlutföll á landinu öllu fyrir árið 2013 eru 33% karla á móti 67% kvenna.

11 NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Í viðaukasamningi um náms- og starfsráðgjöf, sem byggist á þjónustusamningi við FA (sbr. bls. 5), er miðað við fjölda viðtala og hvar þau eru tekin.

Tekin voru 738 viðtöl á árinu skv. framlagi eða 81 viðtali fleira en árið 2013. Í uppgjöri og skilagrein, sem send er FA, eru viðtölin flokkuð í einstaklings- og hópráðgjöf, og eftir því hvar á Suðurlandi þau eru tekin. (Viðtöl umfram framlag FA voru 39).

Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þessi þjónusta í starfseminni er mjög eftirsótt og hefur hjá mörgum orðið nýtt upphaf að námi. Samanlagður fjöldi viðtala þeirra fjögurra ára sem taflan sýnir er 2.600, viðtöl við karla alls 1.109, viðtöl við konur alls 1.491.

| FJÖLDI RÁÐÞEGA EFTIR KYNI | | | | |
|---------------------------|------|------|------|------|
| Ár | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 |
| Karlar | 257 | 273 | 252 | 327 |
| Konur | 481 | 384 | 370 | 256 |
| Alls | 738 | 657 | 622 | 583 |

11 RAUNFÆRNIMAT

Eftirfarandi raunfærnimati lauk á árinu:

1. Raunfærnimati í matartækni, sem haldið var í samstarfi við FA, Iðuna og Menntaskólann í Kópavogi, lauk endanlega í janúar. Síðustu námsmennirnir voru metnir, 3 konur sem luku alls 79 einingum.
2. Raunfærnimati í skrifstofufærni á móti námskrá MK í skrifstofugreinum, unnið í samstarfi við MK og FA. 14 námsmenn luku mati, 13 konur og 1 karl, eða alls 236 einingum.

3. Raunfærnimat í verslunarfagnámi á móti námskrá FA í verslunarfagnámi, unnið í samstarfi við Verslunarmannafélag Suðurlands og FA. 14 námsmenn luku mati, 12 konur og 2 karlar, eða alls 444,4 einingum.

12 RAUNFÆRNIMAT IPA

Eftirtöldu raunfærnimati, sem er hluti af verkefninu „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“, lauk á árinu:

1. Raunfærnimati í málmsuðu. Námskrá í málmsuðu, sbr. Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2004, lögð til grundvallar. Unnið í samstarfi við FA og Iðuna. 12 karlar luku mati, eða alls 264 einingum.
2. Raunfærnimat í slátrun. Námskrá í slátrun, sbr. Aðalnámskrá framhaldsskóla, 2004, lögð til grundvallar. Unnið í samstarfi við FA og stýrihóp hagsmunaaðila. 14 karlar luku mati, eða alls 423 einingum.
3. Raunfærnimat fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum. Námskrár Mennta- og menningarmálaráðuneytisins lagðar til grundvallar. Unnið í samstarfi við FA. 19 konur luku mati, eða alls 330 einingum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leitaði á árinu verðtilboða í nokkur raunfærnimatsverkefni sem eru hluti af áður nefndri þróun raunfærnimats. Verðtilboðum Fræðslunetsins í raunfærnimat í hestamennsku annars vegar og í garðyrkjubrautir (garð- og skógarplöntubraut og ylræktarbraut) hins vegar var tekið. Í framhaldinu voru samningar um þessi verkefni undirritaðir. Hvoru tveggja matinu lauk á árinu:

4. Raunfærnimati á garðyrkjubrautum. Námskrár garðyrkjubrauta Landbúnaðarháskóla Íslands, 2012-2014 (námskrá fyrir ylrækt/námskrá fyrir garð- og skógarplöntubraut) lagðar til grundvallar. Unnið í samstarfi við FA. 19 luku mati, 13 konur og 6 karlar, eða alls 2319 *feiningum*.
5. Raunfærnimati í hestamennsku. Námskrá hestamenskubrautar Fjölbrautaskóla Suðurlands lögð til grundvallar. Unnið í samstarfi við FA. 17 luku mati, 9 konur og 8 karlar, eða alls 539 einingum.

Alls luku því 112 raunfærnimati á árinu hjá Fræðslunetinu eða fleiri en nokkru sinni í sögu Fræðslunetsins.

Sólveig R. Kristinsdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri hafði yfirumsjón með áður nefndu raunfærnimati.

13 ÞRÓUNARSJÓÐUR FRAMHALDSFRÆÐSLU

Eftirfarandi verkefnum, sem styrkt voru af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu lauk alveg eða að mestu á árinu:

1. Námskeiðið Járningar og hófhirða, tilraunakennsla. 60 kennslustunda námskeið kennt á vorönn, 7 námsmenn útskrifuðust. Kennslufni: Járningar og hófhirða e. Sigurð Torfa Sigurðsson.
2. Tæki-færi I. Greining á því hvaða þekking á sviði verk- og tæknimenntunar myndi styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði og um leið að koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Greiningu er lokið og nokkrum kynningarfundum (eftir er að halda einn kynningarfund). Verkefnið var unnið í samvinnu við Vinnumarkaðsráð Suðurlands og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga sem einnig styrktu verkefnið.
3. Ull í mund. Að hanna og halda námskeið í ullarvinnslu. Gerð 120 kest. námskeiðs og kennslu þess lauk á árinu. (Eftirfylgni með nemendum er að nokkru leyti eftir).

Þróunarverkefni í vinnslu:

1. Listnámsbraut fyrir fatlað fólk 18 ára og eldra sem býr við skerta náms- og starfsgetu og hefur litla skólagöngu að baki. Unnið var við gerð námskrár fyrir brautina. Um er að ræða samstarfsverkefni Fræðslunetsins og Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.
2. Tæki-færi II. a) þróun námsbrautar á sviði verk- og tæknimenntunar, b) tilraunakennsla.

14 ÞRÓUNARVERKEFNI STYRKT AF MRN

Eftirfarandi verkefni er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu:

Nám og starf. Þróun á heildstæðu 200 stunda námi fyrir fólk með skerta starfsorku og/eða námsfærni. Þróun námsins ásamt gagnaöflun og gerð námskrár lauk á árinu. Kennsla námskeiðsins hófst á haustönn.

15 SAMSTARF VIÐ MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM

Undanfarin ár hafa Fræðslunetið og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum átt í samstarfi, m.a. um raunfærnimat og fjarkennslu námsbrauta. Þá hefur ýmist verið kennt af starfssvæði Fræðslunetsins og suður um nes eða þaðan og á starfssvæði Fræðslunetsins.

Að undanförunu hafa stöðvarnar átt samstarf um brúarnám og síðastliðið vor brautskráðust námsmenn af félagsliðabréu sameiginlega hjá stöðvunum, fyrsti hópurinn sem útskrifast í þessu samstarfi um brýrnar.

Nú eru fjarkenndar í þessu samstarfi þrjár brýr: leikskólaliðabréu, félagsliðabréu (nýr hópur), leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréu (nýr hópur). Námsmenn á þessum brúm eru á Selfossi, Hvolsvelli, í Drangshlíðardal, Vík, Múlakoti og á Höfn.

Allar brýrnar eru fjarkenndar í gegnum Microsoft Lync samskiptaforritið. Kennarar kenndu ýmist úr Reykjanesbæ eða frá Selfossi. Kennsla er tekin upp og sett ásamt verkefnum inn á námsumhverfið Moodle. Hér er um nokkurs konar þróunarverkefni að ræða.

16 SAMSTARF VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

Fræðslunetið sinnir kennslu námskeiða sem eru á símenntunaráætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Fræðslunetið sá um kennslu á þremur slíkum námskeiðum á árinu: námskeiði um sálræn eftirköst áfalla, hvatningarnámskeiði og námskeiði í skyndihjálpi og endurlífgun.

Samstarfi við Vinnumálastofnun Suðurlandi um úrræði fyrir atvinnuleitendur var haldið áfram á árinu. Stofnunin átti þátttakendur í hljóðsmíðju og kvikmyndasmíðju, sem kenndar voru skv. námskrá FA, á námskeiðum um fjármál, sjálfsstyrkingarnámskeiðum og íslensku fyrir útlendinga.

Aðrar stofnanir, fyrirtæki og félög, sem Fræðslunetið hafði samvinnu við um námskeiðahald, eru m.a.: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Virk, starfsendurhæfing á Suðurlandi, Birta, starfsendurhæfing Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fræðslusetrið Starfsmennt í Reykjavík, stéttarfélagin á Suðurlandi, Framvegis - miðstöð símenntunar, Kötlusetur í Vík, Kirkjubæjarstofa á Klaustri og Suðurlandsdeild Sjúkraliðafélags Íslands.

Þá hefur Fræðslunetið haft mikið og gott samstarf við Háskólafélag Suðurlands, m.a. um rekstur Fjölheima og námskeiðahald auk samstarfs um Sóknaráætlun Suðurlands.

Fræðslunetið átti samstarf við þjónustufyrirtæki á svæðinu og Verslunarmannafélag Suðurlands um þarfagreiningu og undirbúningu námskeiða sérstaklega ætluð fyrirtækjum.

Áður er fjallað um samvinnu við FA, sem er mikil; lðuna o.fl. um raunfærnimat og við aðrar símenntunarstöðvar um námskeið.

Símenntunardeild Fræðslunetsins fyrir fatlað fólk hefur samstarf við fjölda aðila, s.s. félagsþjónustu sveitarfélaga á Suðurlandi, VISS á Selfossi og í Þorlákshöfn, tómstundaklúbba fatlaðs fólks, Strók (klúbbur fyrir fólk með geðraskanir), heimili og skammtímavistun fatlaðs fólks, réttindagæslumann fatlaðs fólks á Suðurlandi, Sólheima í Grímsnesi, Skaftholt og Kerlingardal.

17 VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands, áður Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands, var stofnaður árið 2002 og hafa styrkir verið veittir úr sjóðnum árlega síðan þá. Tuttugu fyrirtæki, stofnanir og samtök á Suðurlandi styrkja nú sjóðinn með árlegum framlögum (sjá fylgiskjal 1). Fræðslunetið fer með umsýslu við sjóðinn.

Í samþykktum sjóðsins segir: „Sjóðurinn heitir Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í reglum þessum. Til sjóðsins er stofnað á vegum Fræðslunets Suðurlands ses. en frá og með 2010 er Háskólafélag Suðurlands ehf. einnig aðili að sjóðnum.” (1. gr.)

Í 2. gr. segir: “Markmið Vísinda- og rannsóknarsjóðsins er að styrkja stúdenta, sem eru að vinna að lokaprófsverkefni, til rannsóknarstarfa á Suðurlandi í samræmi við markmið skipulagsskrár Fræðslunets Suðurlands og samþykktir Háskólafélags Suðurlands.”

Áskilið er í samþykktum sjóðsins að rannsóknarverkefni verði að tengjast “Suðurlandi með ótvíræðum hætti og ritgerðin að fjalla um aðstæður tengdar Suðurlandi. Verkefnið skal þjóna ótvíræðum atvinnulegum/fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.” (6. gr., 2. tl.)

Á haustdögum var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn eins og reglur hans gera ráð fyrir. Auglýst var í Fréttablaðinu og í háskólum landsins. Styrkupp hæðin var 1.200.000. Alls bárust 13 umsóknir áður en umsóknarfrestur rann út (sjá fylgiskjal 2). Þrjár umsækjenda hlutu styrkinn að þessu sinni:

1. Anna Katarzyna Wozniczka fyrir doktorsverkefni sitt Immigrant educational/vocational situations in South Iceland.
2. William M. Moreland fyrir doktorsverkefni sitt Eruption styles of the AD 934-40 Eldgjá Eruption: the hazards and environmental impacts.
3. Guðmundur Örn Sigurðsson fyrir mastersverkefni sitt Jarðskjálftagreining og hönnun á vindmyllum og vindmyllugarði á Suðurlandi.
(Sjá fylgiskjal 3 um styrkhafa frá upphafi).

Forseti Íslands afhenti styrkina á sérstökum hátíðarfundum sem haldinn var í sal Fjölbautaskóla Suðurlands 29. janúar 2015.

Styrkhafar sjóðsins frá upphafi eru orðnir 23.

Fræðslunetið þakkar stofnaðilum og styrkjendum Vísinda- og rannsóknarsjóðs góðan stuðning á árinu.

18 NÁMSVÍSIR OG ANNAÐ KYNNINGAREFNI

Fræðslunetið gefur út bækling með kynningu á starfseminni. Þá gaf Fræðslunetið út námsvísi tvisvar á árinu eins og venja er. Þar er framboð á námskeiðum kynnt og öðrum þáttum í starfseminni lýst. Námsvísinum er dreift um allt Suðurland, til heimila og fyrirtækja. Samfélagsmiðlar voru einnig mikið notaðir til að auglýsa námskeið og fræðslu og kynningar sendar í tölvupósti til ákveðinna hópa.

Náms- og starfsráðgjafar komu víða vegna starfa síns og kynntu um leið Fræðslunetið.

Allt framboð á námskeiðum var birt á heimasíðu Fræðslunetsins, þar með talin þau námskeið sem urðu til vegna eftirspurnar á starfsárinu og voru þ.a.l. ekki birt í námsvísi.

Fræðslunetið heldur úti greinargóðri vefsíðu (<http://fraedslunet.is>). Þeim, sem sækja upplýsingar á heimasíðuna, fjölga ár frá ári.

Auglýsingar um tiltekið námsframboð eru birtar af og til í staðarblöðum í öllum sýslum svæðisins.

Símenntunarstöðvarnar í Kvasi unnu á árinu með FA að kynningarefni um framhaldsfræðsluna.

19 EQM-GÆÐAVIÐMIÐ

Úttekt BSI á Íslandi á gæðaviðmiðum EQM fyrir árið 2014 var gerð 15. janúar 2015. Úttektin tók til stjórnunarkerfis Fræðslunetsins „samkvæmt EQM-viðmiðum og leiðbeiningum um EQM vottun frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.“

Í skýrslu úttektaraðila segir um úttektina: „Vel er haldið utan um stjórnun námskeiða. Starfsmenn hafa góða þekkingu á skjalastjórnunarkerfi stofnunar og gæðakerfi. Töluverðar umbætur hafa átt sér stað frá síðustu heimsókn. M.a. hefur verið tekið tillit til margra tækifæra sem skráð voru í síðustu heimsókn. Starfsmenn taka virkan þátt í gæðastarfi. Vel er haldið utan um námskeiðsmat frá nemendum.“

Ekkert frábrigði fannst við þessa úttekt, en ein athugasemd var skráð auk sex tækifæra. Athugasemdin snýst um að nota SurveyMonkey, sem Fræðslunetið notar við námskeiðsmat, til að kanna viðhorf verktaka og starfsmanna til Fræðslunetsins og vinnuumhverfis. Fræðslunetið mun fara að þessari athugasemd og stefnir á að nýta sér þau tækifæri sem bent var á.

20 NEMENDABÓKHALDIÐ MYSCHOOL

Fræðslunetið hefur undanfarin ár notað skráningarkerfið Myschool sem hefur verið þróað á vegum FA. Fræðslunetið hefur innleitt kerfið að stærstum hluta. Með kerfinu er haldið utan um allar skráningar og nám námsmanna á námskeiðum og námsbrautum Fræðslunetsins og um leiðbeinendur.

Á árinu hófust samningaviðræður við Stúdíu, eiganda kerfisins. Stúdía hafði óskað eftir að gera samninga milliliðalaust við símenntunarstöðvarnar. Stjórn Kvasis leiddi samningaviðræðurnar f.h. símenntunarstöðvanna. Samningar voru ekki leiddir til lykta á árinu.

21 KVASIR OG LEIKN

Fræðslunetið á félagsaðild að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarstöðva. Í félaginu eru 11 símenntunarstöðvar á landinu sem eiga með sér margháttað samstarf um fullorðinsfræðslu og hagsmunamál stöðvanna. Samtökin halda jafnaðarlega vor- og haustfundi og skiptast stöðvarnar á að halda haustfundina.

Aðalfundur (vorfundur) Kvasis 2014 var haldinn á Hótel Natura í Reykjavík 23. maí. Fundinn sat framkvæmdastjóri. Á sama tíma var haldinn fundur verkefnastjóra símenntunarstöðvanna. Þann fund sátu verkefnastjórnir Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir og Sandra G. Gunnarsdóttir fyrir Fræðslunetið.

Haustfundur Kvasis var haldinn í Vestmannaeyjum 1. og 2. október. Fundinn sat framkvæmdastjóri.

Fræðslunetið er jafnframt aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Aðalfundur Leiknar var 22. maí í húsi BSRB í Reykjavík. Framkvæmdastjóri sat fundinn.

22 SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS 20/20

Samstarf Fræðslunetsins, Háskólafélags Suðurlands og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um „uppbyggingu símenntunar á miðsvæði Suðurlands“, þ.e. frá Markarfljóti til Öræfa, var framhaldið á árinu.

Framkvæmdastjórar Fræðslunetsins og SASS skrifuðu undir viðauka við fyrri samning um verkefnið 24. janúar í ljósi þess að fjárveitingar til sóknaráætlana landshluta voru lækkaðar verulega. Þetta gerði Fræðslunetinu kleift að halda starfseminni áfram án þess rof yrði á í byrjun árs. 15. október var gerður annar samningur sömu aðila um verkefnið sem tryggði fjárveitingu til þess fyrir árið.

Námskeið og fræðsluerindi í samstarfi Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands (Kötluljarðvangs) í Vestur-Skaftafellssýslu á árinu voru 27 talsins. Ýmist var um staðkennslu eða fjarkennslu að ræða. Þessir viðburðir voru allt frá einni kvöldstund upp í 120 kest. námskeið. Það hefði verið ógerningur að ná svo öflugri starfsemi á svæðinu án starfsmanns þar í fullri vinnu.

Í lokaskýrslu verkefnisstjóra í sýslunni, framkvæmdastjóra Fræðslunetsins og framkvæmdastjóra Háskólafélagsins fyrir árið 2014 til SASS segir: „Í ljósi þess að aldrei hefur verið boðið upp á nám á lengri námsbrautum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á miðsvæðinu eða í V-Skaftafellssýslu, þá er það mikið ánægjuefni að tekist hafi að koma Grunnmenntaskólanum í gang á svæðinu. Sá árangur er mikilvægur liður í uppbyggingu og eflingu símenntunar á miðsvæði sóknaráætlunar Suðurlands. Grunnmenntaskólinn er einnig stór þáttur í því stóra markmiði verkefnisins að hækka menntunarstig á svæðinu.“

Kenndar voru 100 kest. af 300 í Grunnmenntaskólanum. Nemendur eru 11, 7 í Vík og 4 á Klaustri.

Félagliðabré og leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré voru fjarkenndar í gegnum Lync á miðsvæðið á haustönn, alls 232 kest. Nemendur eru alls 7, 5 í Vík, 1 í Drangshlíðardal og einn í Múlakoti.

Starfsstöðvar á svæðinu eru í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Lokaskýrslu um starfsemina á árinu var skilað til SASS 23. desember.

Framkvæmdastjóri sat í framkvæmdaráði Sóknaráætlunar Suðurlands, í menntamálahópi um menntastefnu Suðurlands og samráðsvettvangi menntunar og atvinnulífs.

23 NÁMSKEIÐ OG RÁÐSTEFNUR

Starfsfólk sótti ýmis námskeið, ráðstefnur og fundi sem tengjast starfseminni.

Helst er að nefna eftirfarandi:

Ráðgjafafundur á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Reykjavík 10. febrúar. Sólveig R. Kristinsdóttir og Eydís Katla Guðmundsdóttir.

Námskeið í verkefnastjórnun. Reykjavík 18. og 20. febrúar. Sandra D. Gunnarsdóttir.

Námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir matsmenn í raunfærnimati. Selfossi 5.- 6. mars. Raket Þorsteinsdóttir.

Námskeið hjá Tölvumiðstöð fatlaðra í Reykjavík um talgervla, 7. mars. Eydís Katla Guðmundsdóttir, Raket Þorsteinsdóttir og Málfríður Erna Samúelsdóttir.

Raunfærnimat í Evrópu, staða þess og framtíð. Rotterdam í Hollandi 8. – 11. apríl. Sólveig R. Kristinsdóttir og Eydís Katla Guðmundsdóttir.

Kynning Capacent á könnun Fræðslusjóðs hjá þátttakendum í framhaldsfræðslu. Reykjavík 22. maí. Ásm. Sverrir Pálsson.

Fundur verkefnastjóra símenntunarmiðstöðvanna. Reykjavík 23. maí. Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir og Sandra D. Gunnarsdóttir.

Hvert stefnir í framhaldsfræðslu? Ráðstefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Reykjavík 23. maí. Ásm. Sverrir Pálsson, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir og Raket Þorsteinsdóttir.

Vinnufundur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um hæfnirammann, hvernig hægt sé að tengja hann við framhaldsfræðslu og starfsþróun á vinnumarkaði 27. maí. Ásm. Sverrir Pálsson.

Kynnisferð í nokkrar fullorðinsfræðslustofnanir í Helsinki 27. – 31. maí. Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir.

Ráðstefna Norrænu ráðherranefndarinnar Nordiske broer for livslang læring. Reykjavík 10. - 11. júní. Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir og Raket Þorsteinsdóttir.

Kynning á Tobii, augnstýrðum tjáskiptabúnaði fyrir PC-tölvur. Reykjavík 18. ágúst. Raket Þorsteinsdóttir.

Kynningarfundur hjá Rannís um starfsemi stofnunarinnar og styrki. Reykjavík 12. september. Ásm. Sverrir Pálsson.

Ráðgjafafundur á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Borgarnesi 17. – 18. september. Sólveig R. Kristinsdóttir og Eydís Katla Guðmundsdóttir.

Námskeið í hugþjálfun. Reykjavík 10. október og 20. nóvember. Eydís Katla Guðmundsdóttir.

Námskeið um greiningartækið Markviss. Reykjavík 26. - 27. nóvember. Sólveig R. Kristinsdóttir, Eydís Katla Guðmundsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir og Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Námskeiðið Allir hafa mál. Reykjavík 28. nóvember. Raket Þorsteinsdóttir, Málfríður Erna Samúelsdóttir og Oddný S. Gísladóttir.

Þetta er ekki tæmandi upptalning á námskeiðum, ráðstefnum og fundum um framhalds- og fullorðinsfræðslu sem starfsfólk sótti á árinu.

24 NIÐURLAG

Eins og þessi ársskýrsla ber með sér er Fræðslunetið í örum vexti. Námsmenn hafa ekki verið fleiri frá upphafi, starfsmönnum fjölgar, tekjur aukast mikið milli ára og starfssvæðið hefur stækkað. Milli vestasta þéttbýliskjarna svæðisins, Þorlákshafnar, og hins austasta, Hafnar í Hornafirði, eru 429 kílómetrar eða heldur lengra en frá Þorlákshöfn til Akureyrar. Stórir hlutar þessa svæðis eru dreifbýli sem er mjög vanda- og kostnaðarsamt að sinna þannig að íbúar þar sitji við sama borð og aðrir Sunnlendingar.

Framlög hins opinbera til framhaldsfræðslu í landinu þurfa m.a. að taka mið af stærð þess landsvæðis sem símenntunarstöðvar sinna.

Selfossi, 14. apríl 2015

Ásm. Sverrir Pálsson

framkvæmdastjóri